

9 legrar ávöxtunar. Nú er peningaeign sjóðsins orðin hálf milljón króna og getur **16. febr.** stjórn sjóðsins þá ákveðið, að allt að helmingi ársvaxtanna skuli varið til stofnunar og rekstrar barnahælis í Siglufirði. Stjórnin getur og ákveðið með samþykki dómsmálaráðherra og bæjarstjórnar Siglufjarðar, að barnahæli þetta skuli standa á vörðum stað í Fljótum, en hælið skal þó ávallt vera undir stjórn sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar skulu árlega endurskoða reikninga sjóðsins, sem lokið skal eigi síðar en hinum árlegu bæjarreikningum. Bæjarstjórn Siglufjarðar úrskurðar athugasemdir endurskoðenda. Reikningar sjóðsins skulu birtir á sama hátt og bæjarreikningar Siglufjarðar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni aldrei breyta.

10 Staðfesting konungs á skipulagsskrá um Minningarsjóð hjónanna Hall- **17. febr.** dórs J. J. Pálssonar og Ingibjargar G. Friðriksdóttur frá Miðhúsum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 17. febrúar 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um minningarsjóð hjónanna Halldórs J. J. Pálssonar og
Ingibjargar G. Friðriksdóttur frá Miðhúsum í Sveinsstaðahreppi
Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Halldórs J. J. Pálssonar og Ingibjargar G. Friðriksdóttur frá Miðhúsum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 — fimm hundruð og sex krónur, sem Sveinsstaðahreppsbúar gáfu okkur hjónunum 13. okt. 1921 í tilefni 50 ára hjúskapararfæli okkar. Sjóður þessi skal vera órjúfanleg eign Sveinsstaðahrepps.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum ekkjum styrk úr sjóðnum, sem heimili eiga í Sveinsstaðahreppi, og ekki njóta sveitarstyrks. Ennfremur veita

verðlaun einum eða tveimur búendum í hreppnum fyrir bezta og mesta garðrækt innan sveitarinnar.

10
17. febr.

4. gr.

Allir vextir leggjast við höfuðstólinn þar til þeir eru orðnir kr. 300 — þrjú hundruð — krónur á ári, þá úthlutar stjórn sjóðsins í fyrsta sinni $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna til ekkna í sveitinni samkvæmt 3. gr. og skal svo æfinlega vera.

5. gr.

Þá ársvextir eru orðnir kr. 1000,00 — eitt þúsund — krónur, þá kemur einnig til úthlutunar $\frac{1}{5}$ hluta af eftirstöðvum vaxtanna, er sé veitt sem verðlaun samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 — þrem — mönnum. Hreppstjóri sveitarinnar er sjálfkjörinn og sé hann æfinlega formaður stjórnarinnar. Annar maður sé kosinn af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, og sé hann innan hrepps, og skal hann kosinn í fyrsta sinni á næsta sýslunefndarfundum. Þriðji maður skal kosinn af almennum sveitarfundum, eftir að kosning hefir farið fram á sýslunefndarfundum. Skulu þessir 2 menn kosnir til 6 ára í senn og má endurkjósa þá.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

8. gr.

Formaður sjóðsins hafi á hendi reikningshald sjóðsins og annist geymslu á öllum skjölum og bókum sjóðsins.

9. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu sér um að formaður sjóðsins ávaxti fé sjóðsins á tilteknum stað og kýs endurskoðara til 6 ára í senn hvert sinn, og skulu ársreikningar sjóðsins árlega fylgja hreppsreikningunum til samþykktar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða og breyta til hagsmuna fyrir viðkomandi sveitarfélag þá sjóðurinn er orðinn kr. 10000,00 — tíu þúsund krónur.

11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Miðhúsum 14. jan. 1931.

Halldór J. J. Pálsson.